

Nd.

517. Frumvarp til laga

[241. mál]

um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðákvarðanir, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, og skal það skipað þannig: Sjö mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess og fjórum mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar, samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einum frá hverjum: Búvörudeild Sambands isl. samvinnufélaga, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúunum utan sölusvæðis Mjólkursamsölnnar. Skal hann tilnefndur á sameiginlegum fundi þeirra. Tilnefna skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti. Fulltrúar þessir skulu valdir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.

Þegar rætt er um málefni Sölufélags garðyrkjumanna eða Sambands eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra samtaka, einum frá hvoru, kost á að sitja fundi Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi þrjá menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs.

Framkvæmdanefndin hefur einnig á hendi stjórn Grænmetisverzlunar landbúnaðarins undir yfirstjórn Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni Framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún henti sem best þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur, utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Framleiðsluráð skal því, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir, sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma, t. d. allt að 10 ára.

Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum árferðis á þróunina, svo og breytingum á markaðsskilyrðum;

6. að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirmælum þessara laga;
7. að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum;
8. að ákveða mjólkursöluvæði samkvæmt lögum þessum;
9. að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvæðana Sexmannanefndar samkvæmt 7., 8., 9. og 10. gr.;
10. að hafa árlega fund með fulltrúum þeirra aðila, sem aðstöðu hafa til áhrifa á framleiðslu og neyzlu landbúnaðarvara, svo sem ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélag Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl.
Á fundum þessum skal ræða samræmdar aðgerðir, til þess að markmið þau náist, sem um ræðir í ákvæðum 5. töluliðar þessarar greinar;
11. að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgun verðs til bænda, þar á meðal er Framleiðsluráði heimilt að setja reglur um jöfnun kostnaðar við flutning afurðanna til vinnslustöðvanna.

3. gr.

Nú skapast þær aðstæður, að búvöruframleiðsla verði meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að dómi Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra, fyrir allt það vörumagn, sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

- a. Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjald þetta má aldrei vera hærra en 25% álag miðað við útsöluverð í Reykjavík og heldur ekki má verð á fóður-einingu með 150 gr. af meltanlegu hráproteini verða hærra, vegna álagsins, en verð á 1 kg mjólkur í verðlagsgrundvelli. Gjald þetta verði innheimt við innflutning vörunnar af sýslumönnum, bæjarfógetum og í Reykjavík af tollstjóra.

Ekki er heimilt að beita þessari aðgerð, nema samþykki landbúnaðarráðherra komi til og fyrir liggja, að útflutningsbætur skv. 3. og 4. málsg. 15. gr. séu ófullnægjandi verðtrygging.

Sé heimild þessi notuð, hefur Framleiðsluráð rétt til að ákveða endurgreiðslu á gjaldinu til bænda í byggðarlögum, sem að dómi þess hafa of lítið heyfóður eða aðrar ástæður gera endurgreiðslu þess nauðsynlega. Má kveða nánar á um endurgreiðslur þessar í reglugerð.

Gjald þetta hefur ekki áhrif á útsöluverð búvöru.

Gæzla og ráðstöfun þess fjár, er innheimtist skv. a-lið þessarar greinar, er í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og notast til verðjöfnunar milli söluaðila, þegar útflutningsbætur samkv. 15. gr. ekki nægja.

- b. Að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til bænda (kvótakerfi), ef árlegur framleiðsluauki í einhverri búvörutegund er mun meiri en framleiðsluáætlanir gera ráð fyrir.

Framleiðsluráði er því aðeins heimilt að beita ákvæðum þessa stafliðar, að landbúnaðarráðherra samþykki reglur Framleiðsluráðs um framkvæmdina og að ekki sé jafnframt notuð heimild til töku gjalds af kjarnfóðri samkvæmt a-lið þessarar greinar.

Nú verður búvöruframleiðsla of lítil í landinu eða einstökum hlutum þess og framleiðsluáætlanir skv. 5. tölulið 2. gr. raskast verulega, og skal þá Framleiðsluráð gera tillögur til Sexmannanefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.

Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina og/eða einstakra landshluta eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

Þyki Framleiðsluráði nauðsyn bera til að gripa skyndilega til róttækra aðgerða í þessu efni, skal það efna til fundar með þeim aðilum, sem um getur í 10. tölulið 2. gr., og skýra fyrir þeim tillögur sínar og leita stuðnings þeirra við þær.

Heimilt er að innheimta gjald af erlendu kjarnfóðri til aðstoðar við nýbyggingar vinnslustöðva landbúnaðarins, svo sem mjólkurbúa og sláturhúsa, og annarrar hag-ræðingar í landbúnaði.

Gjald þetta má aldrei vera hærra en 5% álag á útsöluverð kjarnfóðurs, eins og það er í Reykjavík, og heildarverð á 1 kg kjarnfóðurs verði innan þeirra marka, sem segir í a-lið þessarar greinar.

Gjald þetta skal talið til útgjalda í verðlagsgrundvelli. Sexmannanefnd ákveður skiptingu þess og ráðstafar því í samræmi við 1. málsg. þessa stafliðar að fengnum tillögum frá Framleiðsluráði.

Séu framangreindar heimildir um gjald á innflutt kjarnfóður notaðar, en síðar tekin ákvörðun um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það, sem kann að hafa verið innheimt af birgðum, sem til eru, þegar niðurfelling gjaldsins er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

4. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skýlt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki neytluþörfinni, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

II. KAFLI

Um verðákvörðun og verðskráningu.

5. gr.

Verðlagning landbúnaðarvara skal við það miðuð, að vinnulaun þeirra, sem landbúnað stunda, verði í samræmi við kaupgjald verkamanna og iðnaðarmanna.

Í verðlagsgrundvelli skal sbr. ákvæði 7. gr. tilfæra, sundurliðað í dagvinnu, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu, ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutímann til samræmis við vegið tímakaup verkamanna og iðnaðarmanna eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils, þar með talin hvers konar samningsbundin fríðindi.

Vinnutími við búvöruframleiðslu skal ákveðinn eftir vinnuskýrslum búreikninga hjá Búreikningastofu landbúnaðarins ásamt öðrum þeim gögnum, sem Sexmannanefnd metur gild um þetta efni, m. a. niðurstöðum vinnurannsóknna, er gerðar yrðu samkvæmt ákvæðum 11. gr.

6. gr.

Nefnd sex manna skal á grundvelli ákvæða 5. gr. ákveða afurðaverð til framleiðenda búvöru og verð landbúnaðarvara í heildsölu samkv. nánari ákvæðum laga þessara.

Stjórn Stéttarsambands bænda tilnefni tvo menn í nefndina, Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann og ríkisstjórnin þrjú menn.

Nefnd þessi kallast Sexmannanefnd.

Tilnefna skal jafnmarga varamenn.

Tilnefning í Sexmannanefnd gildir til eins árs í senn og skal nefndin fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Fundir Sexmannanefndar eru lögmatir, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur. Nefndin skal setja sér starfsreglur, þar sem m. a. er kveðið á um fundarboðun, fundarstjórn og meðferð mála.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða menn, t. d. á sviði landbúnaðar, verðlags- og markaðsmála.

Við aðalverðlagningu á sumri hverju skal nefndin hefja störf eigi síðar en 10. ágúst og hraða störfum svo sem kostur er á og ljúka þeim svo fljótt, að verðlagsgrundvöllur sé jafnan fullgerður og allri verðlagningu lokið 1. sept.

7. gr.

Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða.

Í því sambandi er heimilt að semja um sérstök fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, að því er varðar verðlagsmálin, niðurgreiðslur búvöruverðs á innlendum markaði, sbr. ákvæði 14. gr., svo og framleiðslustyrki til þeirra byggðarlaga, sem erfiðust skilyrði hafa, sbr. 16. gr.

Samhliða því, að Sexmannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar, skv. 1. málsgr. þessarar greinar, skal hún leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur, slátur- og heildsölu- og kjöts og pökkunar- og dreifingarkostnað kartafna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal leggja fyrir nefndina rökstuddar tillögur um framantalda kostnaðarliði. Einnig skal það leggja fyrir nefndina tillögur um hækkunir á söluverði vegna vaxta- og geymslukostnaðar á kjöti og garðávöxtum.

Að loknum framangreindum ákvörðunum Sexmannanefndar er Framleiðsluráði heimilt að ákveða tilfærslur í verði á milli vöruflokka innan hvernar búgreinar fyrir sig. Einnig er því heimilt að ákveða frávik til hækkunar eða lækkunar á skráðu heildsöluverði eftir árstímum eða markaðsástandi hverju sinni, enda skili heildarsala ársins meðalverði til söluaðila.

Framleiðsluráði eru heimilar aðgerðir til verðjöfnunar milli sölusvæða, svo slík ákvörðun raski ekki möguleikum til þess, að bændur fái sama verð fyrir sams konar vöru á viðkomandi verðlagstímabili.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður einnig smásöluverð einstakra vörutegunda, og skal það hafa hliðsjón af hinum almennu álagningarreglum, er gilda á hverjum tíma. Gefa skal fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að ræða við Framleiðsluráð, áður en ákvörðun er tekin í þessu efni.

Nú verður ágreiningur milli nefndarhluta um einhverja þætti verðlagningar, og skal þá vísa ágreiningsefnum til sérstakrar yfirnefndar til úrskurðar, sbr. 8. gr.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna yfirnefnd til tveggja ára í senn, sbr. þó 2. málsgr. þessarar gr. Yfirnefnd skal þannig skipuð, að fulltrúar framleiðenda í Sexmannanefnd tilnefna einn mann, fulltrúar ríkisstjórnarinnar tilnefna annan, en Hæstiréttur Íslands tilnefni oddamann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Starfstímabili yfirnefndar lýkur, þegar gildistími úrskurðar hennar er útrunninn, sbr. 7. og 8. málsgrein þessarar greinar.

Þegar ágreiningsefnum er vísað til yfirnefndar, skal hún taka þau þegar til afgreiðslu. Nefndin skal kynna sér gögn þau, sem fram hafa verið lögð. Henni er og heimilt að afla sér viðbótarupplýsinga eftir því, sem hún telur þörf á, enda tefji það ekki störf hennar óeðlilega. Henni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða menn. Nefndin getur óskað eftir því, að nefndarhlutarnir tilnefni, hvor af sinni hálfu, málflytjendur, er skýri sjónarmið hvors málsaðila.

Nefndin hraðar störfum, svo sem kostur er á, og skal verðlagsgrundvöllur vera tilbúinn innan 14 daga frá því að ágreiningi var vísað til hennar. Verði tafir á gerð

verðlagsgrundvallar, þannig að verðlagningu sé ekki lokið 1. sept., skal bændum jafnan bætt það tjón, sem þeir kunna að verða fyrir af þessum sökum, með álagi á búvöruverð næsta verðlagstímabili.

Verksvið yfirnefndar nær aðeins til verðlagsgrundvallar og ákvörðunar um vinnslu- og heildsöluþáttana.

Yfirnefnd skal skila til málsaðila rökstuddri greinargerð um niðurstöður sínar.

Telji annar hvor hluti Sexmannanefndar úrskurð yfirnefndar óviðunandi, getur sá hluti nefndarinnar krafizt þess, að úrskurður yfirnefndar gildi aðeins til sex mánaða, sé um haustverðlagningu að ræða, en annars til 1. september næstan á eftir, þegar um er að ræða verðbreytingu, sbr. 2. málsgr. 9. gr. og 1. og 2. málsgr. 10. greinar. Krafa um málsupptöku samkvæmt þessu ákvæði hefur því aðeins gildi, að hún sé samþykkt af meiri hluta á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda eða af ríkisstjórn.

Þegar yfirnefnd fellir úrskurð, er málsaðilum heimilt að segja upp verðlagsgrundvelli að ári liðnu frá gildistöku úrskurðar, enda berist uppsögn innan þeirra tímamarka, sem tilgreind eru í 9. gr.

Úrskurður yfirnefndar er bindandi, sbr. þó ákvæði 7. málsgr. þessarar gr.

Ákvæði um úrskurð skv. þessari grein gilda á meðan veitt er fé til niðurgreiðslu á búvöruverði á innlendum markaði eða til útflutningsbóta á landbúnaðarvörur.

9. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. sept., og skal hann tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, sbr. þó ákvæði 8. gr. Fyrsti verðlagsgrundvöllur skv. þessum ákvæðum tekur gildi 1. sept. 1972.

Sexmannanefnd er heimilt að gera breytingar á verðlagsgrundvelli vegna breytinga á rekstrarkostnaði við búvöruframleiðslu ársfjórðungslega skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Á sama hátt er heimilt að gera breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði eftir upplýsingum frá helztu sölufyrirtækjum landbúnaðarins.

Verðlagsgrundvöllur framlengist sjálfkrafa um eitt ár, sé honum ekki sagt upp fyrir 1. júní á því ári, sem verðlagstímabili lýkur.

Þó getur Sexmannanefnd komið sér saman um annan uppsagnartíma. Á miðju verðlagstímabili færir Hagstofa Íslands verðlagsgrundvöllinn fram í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem Sexmannanefnd setur um það efni. Gildir sá framreikningur til ákvörðunar búvöruverðs næsta ár, sbr. þó 1. og 2. málsgr. þessarar greinar og 10. gr. Sama gildir, ef verðlagsgrundvelli er ekki sagt upp.

10. gr.

Sexmannanefnd skal breyta afurðaverði til framleiðenda ársfjórðungslega miðað við 1. desember, 1. marz, 1. júní og 1. sept. vegna breytinga á kaupmiðum til þess, að launaliður í verðlagsgrundvelli sé færður til samræmis við launabreytingar í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Ef laun breytast vegna breyttrar kaupgreiðsluvísitölu, skulu slíkar launabreytingar koma inn í launalið verðlagsgrundvallarins á sama tíma og þær koma til framkvæmda hjá viðmiðunarstéttunum. Breytingar á grunnlaunum eru bundnar við framangreind tímamörk. Verði bændur fyrir tjóni vegna dráttar á því, að launabreytingar komi í verðlagsgrundvöllinn, skal það bætt á næsta verðlagstímabili.

Ríkisstjórnin ákveður í samráði við Sexmannanefnd, hvort útsöluverð á búvörum hækkar vegna hækkaðra launa eða hvort hækkanin er greidd með öðrum hætti.

Verði ekki samkomulag um verðlagsbreytingar skv. ákvæðum 9. og 10. gr., skal vísa ágreiningsefnum til yfirnefndar til úrskurðar, sbr. 8. gr. Yfirnefnd tekur ágreininginn þegar til meðferðar og úrskurðar svo fljótt sem verða má.

11. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 10. ágúst ár hvert afla þeirra upplýsinga, sem Sexmannanefnd óskar eftir um framleiðslukostnað búvara, afurðamagn og launatekjur viðmiðunarstétta þeirra, sem um ræðir í 5. gr.

Á sama tíma skilar Búreikningastofa landbúnaðarins til Sexmannanefndar upplýsingum um niðurstöður búreikninga og öðrum gögnum frá bændum, sem Sexmannanefnd óskar eftir og vinna má úr búreikningum.

Sexmannanefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingagrundvöll fyrir þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða, svo sem framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl.

Skýlt er að stofna til slíkra rannsókna, ef annar nefndarhlutinn krefst þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningastofu landbúnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana.

Telji umræddar stofnanir sig ekki hafa starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir, er Sexmannanefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlega starfskrafta, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skýlt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

12. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið væntanlega haustverð, sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu, samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu. Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggt verði framboð snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt, að ákveðið sé sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., skal það tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því síðan skotið til úrskurðar, náist ekki samkomulag í nefndinni.

13. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

14. gr.

Allar meiri háttar breytingar niðurgreiðslna búvöruverðs á innlendum markaði skulu gerðar í samráði við Sexmannanefnd og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Framleiðsluráði skal jafnan gefinn kostur á að fjalla um slíkar breytingar á fundi og gera álitserð um þær, áður en þær koma til framkvæmda.

Niðurgreiðslum skal þannig hagað, að þær raski sem minnst verðhlutföllum milli skyldra vörflokka, sem falla undir verðákvæðanir Sexmannanefndar.

Þegar ákveðið hefur verið að greiða einhverja vörutegund niður, skal jafnan hafður til viðmiðunar vinnslu- og dreifingarkostnaður á viðkomandi vörutegund. Heimilt er að gera frávik frá þessu, ef sérstaklega stendur á og ekki er hættu á, að slík aðgerð hafi í för með sér röskun á eðlilegri sölustarfsemi eða framleiðslu á viðkomandi vörutegund.

Heimilt er Sexmannanefnd, sbr. 1. málsgr. 7. gr., að semja við ríkisstjórnina um niðurgreiðslu á innvegið magn vöru, t. d. mjólk, enda verði þá útsöluverði hennar svo og vinnsluvara mjólkur breytt til samræmis við þá niðurgreiðslu. Skal þá taka tillit til þess við greiðslur útflutningsbóta, sbr. 15. gr.

Einnig er Sexmannanefnd heimilt að semja um, að hluti niðurgreiðslu einhverrar vörutegundar sé greiddur framleiðendum án tillits til framleiðslumagns, enda komi til samþykki þeirra aðila, sem tilnefna menn í Sexmannanefnd. Þá er einnig heimilt að verja niðurgreiðslufé til að greiða niður kostnaðarliði við búrekstur, svo sem áburð.

15. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Ríkissjóður tryggir hverju sinni greiðslu á halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara.

Trygging þessi skal árlega vera 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar miðað við verðlagsgrundvallarverð á viðkomandi verðlagsári.

Verði eitthvert ár afgangur af fé því, sem um ræðir í 3. málsgr. þessarar greinar, er heimilt að geyma það í tvö ár og nota það á þeim tíma, ef þá er meiri þörf á útflutningi. Verði að þeim tíma loknum enn afgangur, má Sexmannanefnd ráðstafa því fé í þágu landbúnaðarins, í samráði við landbúnaðarráðherra.

Nú er fyrirsjáanlegt, að það fé, sem um ræðir í 3. málsgr., nægir ekki til fullrar verðtryggingar, og er Framleiðsluráði þá heimilt að gripa til ákvæða a-liðar 3. gr. um gjald á innflutt kjarnfóður, eða b-liðar, enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra.

Fallist landbúnaðarráðherra ekki á að heimila Framleiðsluráði beitingu þessa ákvæðis og ekki verður samkomulag um aðrar aðgerðir í sama tilgangi, skal ríkissjóður greiða það, sem á vantar í útflutningstryggingu á því verðlagstímabili.

16. gr.

Stofna skal sjóð til styrktar búsetu í þeim landshlutum, sem við sérstaka erfiðleika eiga að stríða, þar sem hætta er á eyðingu byggðar eða skortur verður á búvöru.

Ríkisstjórnin skal árlega tryggja framlag til sjóðsins úr Bygðasjóði eða á annan hátt, er svari til 1% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, sbr. 3. málsgr. 15. gr.

Fé þessu ráðstafar Sexmannanefnd, sbr. 7. gr., í samráði við og með samþykki þeirra aðila, er tilnefna menn í nefndina.

Áður en ákvörðun er tekin um úthlutun fjárins, skal fara fram nákvæm athugun á aðstöðu þeirra byggðarlaga, sem til greina koma í þessu efni.

Slík athugun skal fara fram í samráði við stofnun þá, sem fjallar um byggðapróunarmál.

Fé sjóðsins má m. a. verja til flutningastyrkja, verðuppbóta eða framleiðslustyrkja, til niðurgreiðslu á áburði, til niðurgreiðslu á aðkeyptu fóðri o. fl. þess háttar eftir mati nefndarinnar. Einnig til að bæta úr tímabundnum skorti búvöru í þéttbýli viðkomandi byggðarlaga, sbr. ákvæði 28. gr.

Leita skal álits og tillagna eða umsagnar Búnaðarfélags Íslands, ráðunauta og stjórnna viðkomandi búnaðarsambanda og sveitarstjórna, áður en styrkir eru veittir úr sjóðnum.

17. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir Sexmannanefnd, skv. ákvæðum 3. málsgr. 7. gr.

III. KAFLI

Um sláturafurðir sauðfjár og stórgripa.

18. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis Framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1971, svo og þeim, sem eignast sláturhús þessara aðila og taka við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur enn fremur veitt öðrum aðilum slátrunarleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Slátrunarleyfi, samkvæmt þessari grein, skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum laga nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð ákveður fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra, svo og hvernig kjötið af því skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, sbr. 39. gr., eftir að tilskilinn gjaldfrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim. Einnig getur Framleiðsluráð svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki staðið skil á hinum lögboðnu gjöldum, sem Framleiðsluráð innheimtir.

19. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um slátrunina, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðjöfnunargjaldinu til Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ákveður ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðjöfnunar.

Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta Framleiðsluráðinu í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvikjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innan lands og utan, svo og um kostnað við slátrun og verkun varanna.

20. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátrur nýtist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við slátrun og geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna. Á sama hátt getur það fyrirskipað flutning á kjöti og sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, til þess að innlendi markurinn nýtist sem allra bezt.

Sé fyrirmælum þessarar greinar ekki hlýtt, er Framleiðsluráði heimilt að svipta sláturleyfishafa greiðslum úr verðjöfnunarsjóði, sbr. a-lið 39. gr.

21. gr.

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa, og má enginn slátra stórgripum til sölu né verzla með kjöt af þeim í heildsölu, nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 18. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

IV. KAFLI

Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

22. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk frá viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

23. gr.

Starfi fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði, sem viðurkennd eru af Framleiðsluráði og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau, ef Framleiðsluráð ákveður, hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölnunnar á því svæði.

24. gr.

Stjórn mjólkursamsölu framkvæmir verðjöfnun milli starfandi mjólkursamlaga innan viðkomandi mjólkursölusvæðis. Verðjöfnunin skal jafnan við það miðuð, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð, á hverjum árstíma, fyrir mjólk sína komna að mjólkursamlagi. Skytt er að greiða hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stíglækkandi fyrir aðra flokka.

25. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi, samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal öll sala og dreifing á mjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar.

Þar sem aðeins eitt mjólkursamlag er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyr í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkursamlag, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis.

Nú kemur upp deila milli mjólkursamlaga og/eða mjólkurframleiðenda á einhverju mjólkursölusvæði, eða deilt er um önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

26. gr.

Skytt er mjólkursamlögum, sem fengið hafa einkaleyfi til mjólkursölu, að sjá um, að ætíð sé nóg neytlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt, sbr. þó 16. gr.

Öll mjólk og rjómi, sem seld er frá sölumiðstöð mjólkursamlaganna, samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Nú telur héraðslæknir, eða Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að sölumjólk sé óhæf til neytlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkursamlags eða mjólkursamsölu, stöðvað sölu á þeirri mjólk. Skal héraðslæknir

eða heilbrigðisfulltrúi þó hafa samráð við heilbrigðisnefndir viðkomandi kaupstaða eða kauptúna varðandi slíkar aðgerðir.

27. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að sala aukist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu líta, og er mjólkurbúum og öðrum aðilum, er að þessum málum starfa, skylt að láta Framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta veitt.

28. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að ákveða misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er Framleiðsluráði þá heimilt, í samráði við Sexmannanefnd, að styrkja flutninga þessa, sbr. ákvæði 16. gr.

29. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur reisi mjólkursamlög í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engin eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er þörf að dómi Framleiðsluráðs. Getur Framleiðsluráðið krafizt þess, að byggingu sé hagað þannig, að samlagið geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur.

Mjólkursamlög þessi skulu reist samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Framleiðsluráð viðurkennir.

Telji Framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal rikissjóður styrkja þau samlög að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög samlaginu til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa mjólkursamlög þessi sömu réttindi og skyldur og önnur mjólkursamlög, samkvæmt lögum þessum.

Mjólkursamlög skulu hlíta fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um meðferð mjólkurinnar. Um útbúnað mjólkursölustaða fer eftir ákvörðunum viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

30. gr.

Nú verður samkomulag milli mjólkursamlaga, mjólkursamsölu og heildsölu aðila, sem hafa haft með höndum heildsölu á öðrum framleiðsluvörum mjólkursamlaganna en mjólk, rjóma og skyri, um að stofna og starfrækja sölumiðstöð fyrir þessar vörur, og er þá öðrum óheimilt að selja vörur þessar í heildsölu.

Slík sölumiðstöð skal þá, í samráði við Framleiðsluráð, vinna að aukinni vöruvöndun, fjölbreytni í framleiðslunni, verkaskiptingu mjólkursamlaganna, sparnaði í rekstri og dreifingu varanna og hagnýtingu markaða, svo að fullnægt verði sannaðgjörnum óskum neytenda. Skal sölumiðstöð þessi rekin á samvinnugrundvelli. Framleiðsluráð setur henni nánari starfsreglur, í samráði við stjórn hennar.

V. KAFLI

Um sölu matjurta, gróðurhúsaframleiðslu og eggja.

31. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði samngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi Framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

32. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins, sem annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti.

33. gr.

Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti. ef birgðirnar eru að álit hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

Tollyfirvöld skulu gefa Framleiðsluráði skýrslur um slíkar birgðir og fleira í því sambandi, þegar Framleiðsluráðið óskar.

34. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

35. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylreктarþænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Framleiðsluráði.

Nú hefur Framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverzlana, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

36. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp, þar sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal Grænmetisverzlun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til mannelis hverju sinni.

37. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafrígða með því að semja við einstaka kartöflufarmleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum afbrigðum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

38. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:

1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals afbrigða;
4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

VI. KAFLI

Um verðmiðlun.

39. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáiast fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað, miðað við meðaltals vinnslukostnað og nýtingu.

- a. Á kjöti: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar sláturhúsa, mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar, verðtilfærslna, sbr. 7. gr., o. fl. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.
- b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk mjólkursamlaga, er verja skal til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölvæða, einnig vegna tilfærslna á verði, sbr. 7. gr. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi, ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs. Gjald þetta getur Framleiðsluráð einnig tekið af framleiðslu eða sölu einstakra mjólkurvara, eftir því sem það telur þörf.
- c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
- d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til útjöfnunar á flutningskostnaði milli landssvæða.

40. gr.

Framleiðsluráð ákveður, hve hátt verðjöfnunargjald skal tekið í samræmi við 39. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við Framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 17. gr.).

41. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölvæði og aðrir, sem verza með gjaldskyldar vörur samkvæmt 39. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þær geta í té látið.

VII. KAFLI

Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

42. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenskar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

43. gr.

Nú telur Framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 42. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá Framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur eflað svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

44. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Framleiðsluráðs.

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að Framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við Framleiðsluráð.

45. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 10 000—100 000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skytt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita hann dagsektum frá 100—10 000 kr.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1972. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 101 frá 8. desember 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt óbreytt frá því, sem nefnd sú, er skipuð var 14. sept. s. l., gekk frá því, eftir að aukafundur Stéttarsambands bænda hafði fjallað um málið. Frá nefndinni fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Inngangur.

Með bréfi, dagsettu 14. september 1971, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 9 manna til að endurskoða lög in um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., en þau lög eru nr. 101 frá 8. des. 1966.

Ástæður þær, er lágu til grundvallar þessari nefndarskipan, eru ákvæði í samningi þeirra stjórnsmálaflokka, er nú mynda ríkisstjórn. Þegar þeir gengu til stjórnar-

samstarfs, á s. l. sumri, gerðu þeir með sér samning um stefnu stjórnarinnar. Í þeim samningi stendur m. a.:

„Lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði endurskoðuð í samráði við Stéttarsamband bænda og að því stefnt, að Stéttarsambandið semji við ríkisstjórnina um kjaramál bændastéttarinnar og verðlagningu búvara. Miða skal jafnan við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör vinnandi stétta“.

Í skipunarbréfinu var nefndinni ætlað að athuga um horfur í framleiðslu landbúnaðarafurða og að hve miklu leyti sé rétt að hafa stefnumarkandi áhrif á þau mál.

Nefndinni var ætlað að kynna sér störf þeirrar nefndar, sem skipuð var 6. desember 1968 til að athuga ýmsa þætti landbúnaðarins, en með skipun hinnar nýju nefndar var sú nefnd leyst frá störfum.

Nefndin skyldi einnig athuga núverandi niðurgreiðslukerfi á landbúnaðarvörum, og skyldi hún vinna þann þátt í samráði við hagsýslustjóra, hagstofustjóra og ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins.

Einnig var nefndinni falið að kynna sér gögn fyrri nefndar þeirrar, sem að framan er getið, og hún hafði látið safna. Í þessu sambandi átti nefndin að hafa samstarf við Efnahagsstofnunina, eftir því sem ástæða þætti til.

Að lokum var nefndinni falið að hafa samband við norsku bændasamtökin og fá öruggar upplýsingar um norska verðlagskerfið, enda væri vitað, að Norðmenn hefðu hliðstætt kerfi um verðlagningu landbúnaðarvara og hér væri stefnt að.

Í nefndina voru eftirtaldir menn skipaðir:

Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri, formaður,
Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda,
Ólafur Andrésen, bóndi, Sogni,
Ingi Tryggvason, bóndi, Kárhóli,
Guðmundur Þorsteinsson, bóndi, Skálpastöðum,
Þorvaldur G. Jónsson, fóðureftirlitsmaður, Hafnarfirði,
Jónas Jónsson, ráðunautur, Reykjavík,
Hjalti Gestsson, ráðunautur, Selfossi,
Ólafur Björnsson, prófessor, Reykjavík.

Í samráði við landbúnaðarráðherra var Guðmundur Sigþórsson, búnaðarhagfræðingur, ráðinn starfsmaður nefndarinnar, og kaus nefndin hann til ritarastarfa. Hafði Guðmundur verið starfsmaður þeirrar nefndar, er skipuð var 6. desember 1968, og á vegum þeirrar nefndar hafði hann unnið að athugunum og rannsóknum á ýmsum atriðum, er snerta landbúnaðinn. Formaður þeirrar nefndar var Bjarni Bragi Jónsson, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar. Niðurstöður athugana og gögn, sem hafði verið aflað á vegum þeirrar nefndar, fékk nefndin til fullra afnota í góðu samstarfi við Efnahagsstofnunina og forstjóra hennar. Með nefndaráliti þessu er listi yfir þær skýrslur, sem aflað hefur verið í þessu skyni, bæði á vegum fyrrverandi nefndar og á vegum hinnar nýju nefndar. Skýrslurnar sjálfar fylgja ekki með þessari greinargerð né sjálfu frumvarpinu, vegna þess hve viðamiklar þær eru, en ef einstakir ráðherrar eða þingnefndir óska að kynna sér efni þeirra, er hægt að fá þær til afnota með því að snúa sér til formanns eða ritara nefndarinnar.

Eins og að framan er getið, var nefndinni ætlað að hafa samráð við norsku bændasamtökin og fá frá þeim upplýsingar um hið norska verðlagskerfi, því vitað var, að þar er um samninga að ræða milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins.

Í þessu skyni fékk nefndin formann Norges Bondelag, J. Melbye, til fundar við sig. Sat hann á fundum með nefndinni í tvo daga samfleytt og skýrði fyrir nefndinni fyrirkomulag það, sem haft er á þessum málum í Noregi.

Nefndin hóf starf sitt þann 10. október og hefur setið á fundum síðan með nokkrum hléum. Yfirleitt hefur nefndin haft á þau vinnubrögð að sitja allan daginn á fundi, en hefur þó í nokkru notfært sér þau vinnubrögð að kjósa undirnefndir til ákveðinna verka, en annars rætt sameiginlega öll þau atriði, er snerta afurðasölu

og verðlagsmál landbúnaðarins, ásamt þeim atriðum öllum, er núverandi löggjöf um Framleiðsluráð landbúnaðarins nær til. Þá ber þess að geta, að fulltrúar Stéttar-sambands bænda í nefndinni lögðu uppkast að frumvarpinu fyrir aukafund Stéttar-sambandsins, sem haldinn var í Reykjavík dagana 9. og 10. febrúar s. l. Voru gerðar á frumvarpinu nokkrar breytingar eftir tillögu þess fundar, en stórvægilegar efnis-breytingar geta það naumast talizt. Fundur þessi varð yfirleitt sammála um aðal-efni frumvarpsins, en ágreiningur varð með fundarmönnum um 3. grein frumvarps-ins, þ. e. heimild fyrir sérstöku álagi á verð fóðurbætis, ef framleiðslan færi veru-lega fram úr þeim áætlunum, sem gerðar verða um þau efni. Þessi grein hlaut þó samþykki 34 fulltrúa gegn 7 (4 greiddu ekki atkvæði), í því formi, sem þetta ákvæði er í núverandi útgáfu.

En frumvarpið var á fundinum samþykkt í heild með þeim breytingum án mótaskvæða.

Helztu breytingar.

Nefndin hefur rætt mjög mikið um það atriði, sem í erindisbréfinu segir: „að hve miklu leyti það sé rétt að hafa stefnumarkandi áhrif á framleiðslu land-búnaðarafurða“.

Nefndin er sammála um það í höfuðatriðum, að slík stefnumarkandi áhrif séu nauðsynleg, bæði frá sjónarmiði framleiðenda og frá sjónarmiði þjóðfélagsheildar-innar. Við ákvarðanir um aðgerðir í þeim efnum verður þó ávallt að taka mið af markaðsástandinu hverju sinni, bæði því ástandi, sem er í þeim málum erlendis og einnig í landinu sjálfu. Það verður einnig að taka fullt tillit til þess ástands, sem er í framleiðslumálum landbúnaðarins, bæði í öllu landinu og einstökum landshlutum.

Nefndin gerir ráð fyrir því í tillögum sínum, að landbúnaðurinn njóti áfram þeirra útflutningsbótaréttinda, er hann hefur notið síðan 1959. Innan þeirra marka telur nefndin að æskilegt sé að halda landbúnaðarframleiðslunni.

Í samræmi við þessa skoðun er það því tillaga nefndarinnar, að Framleiðslu-ráðið geri, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og þær stofnanir, sem hafa með höndum áætlanagerð í þjóðfélaginu, áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma og það haldi síðan árlega fund með fulltrúum þeirra aðila, sem hafa aðstöðu til áhrifa á framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða.

Til þess að stuðla að þeirri þróun, sem æskileg er talin hverju sinni, eru Fram-leiðsluráðinu, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, gefnar heimildir af ýmsu tagi til tíma-bundinna aðgerða, svo sem að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum, að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður eða að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til bænda eftir framleiðsluauka, hið svo-kallaða kvótakerfi.

Ekki má Framleiðsluráðið þó grípa til þessara heimilda, nema landbúnaðar-ráðherra samþykki nauðsyn þeirra og reglur um framkvæmdina.

Nefndin telur, að enda þótt heimild sé í frumvarpinu um að ákveða mismunandi hátt verð til bænda eftir framleiðsluauka, þá sé sú leið naumast fær, eins og á stendur, vegna margvíslegra framkvæmdaörðugleika. M. a. þarf að taka ákvörðun um það, hvort slík verðmismunun nái jafnt til bænda með litla framleiðslu og þeirra, sem hafa stærri búin. Nefndarmenn eru sammála um það, að slík takmörkun komi ekki til greina hjá þeim framleiðendum, sem hafa minni framleiðslu en gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli hverju sinni, en ótal fleiri vandasöm ákvörðunar-atríði eru samfara þessari aðferð.

Nefndin hefur ekki lokað augunum fyrir því, að það gæti komið fyrir, að hag-kvæmt gæti talizt eða nauðsynlegt að auka framleiðsluna, bæði í landinu öllu eða í einstökum landshlutum. Um þetta efni eru einnig ákvæði í frumvarpinu.

Sú meginbreyting er gerð á gildandi lögum um Framleiðsluráð landbúnaðar-ins, að nú skulu teknir upp samningar milli bændasamtakanna og ríkisstjórnar-innar. Er þetta í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

Í rauninni hefur nefndin ekki rætt þetta atriði sérstaklega, en gengið þannig frá ákvæðum um val fulltrúa ríkisstjórnarinnar í Sexmannanefnd, að ríkisstjórninni er í sjálfsvald sett á hvern hátt fulltrúar hennar eru valdir, hvort þeir eru valdir úr röðum ákveðinna launþegahópa eða á annan hátt.

Í erindisbréfi nefndarinnar er sagt, að „miða skuli við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör annarra vinnandi stétta“.

Nefndin hefur látið gera athugun á því, hvernig háttað er kjörum bænda, miðað við hinar svokölluðu viðmiðunarstéttir.

Frá og með árinu 1962 hefur Hagstofan birt tölur um tekjur hinna einstöku starfsstétta. Eftirfarandi samanburður á brúttótekjum bænda og viðmiðunarstétta er byggður á úrvinnslu Hagstofunnar. Það mun skeykja samanburðinn, að ekki eru vextir af skuldum vegna búans og að nokkru leyti fyrning og fasteignagjöld útihúsa talin á landbúnaðarframtali og koma því ekki öll til frádrags. Sama er að segja um útgjöld vegna viðhalds og viðgerða á útihúsum og tryggingariðgjöld fram til ársins 1965, en frá og með því ári eiga þessir liðir að koma til frádráttar á landbúnaðarframtali.

Meðalbrúttótekjur kvæntra karla á aldrinum 25—66 ára.

Ár	Þús. króna.		
	Bændur (1)	Viðmiðunarstéttir (2)	(1)/(2) (3)
1962	99	126	0,79
1963	118	152	0,78
1964	161	192	0,84
1965	199	232	0,86
1966	193	272	0,71
1967	194	300	0,65
1968	197	276	0,71
1969	233	316	0,74

Er nefndin þeirrar skoðunar, að Sexmannanefnd hafi ýmsa möguleika til að rétta þetta hlutfall við, með hinu breytta samningsformi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri Sexmannanefnd, er skipuð sé þrem mönnum frá ríkisstjórninni og þrem frá bændasamtökunum. Það er einnig gert ráð fyrir því, að þriggja manna yfirnefnd verði starfandi, á svipaðan hátt og verið hefur.

Eins og áður er dregið á, átti nefndin að athuga möguleika á að setja reglur um niðurgreiðslur á verði landbúnaðarvara, sem seljast innanlands. Það hefur ætíð verið svo, að niðurgreiðslur hafa nær einhliða verið ákveðnar af ríkisstjórninni, þó að frá þessu hafi verið undantekningar. Það, sem jafnan hefur ráðið upphæð niðurgreiðslanna, er þörfin á að greiða niður kaupgreiðsluvísitöluna hverju sinni.

Þetta vísitölusjónarmið hlýtur að vera mjög mikils ráðandi í þessum efnum. Hins vegar er því ekki að leynd, að breytingar á niðurgreiðslum geta haft slæm áhrif á þróun afurðasöluvinnar á innlendum markaði og óhagstæð áhrif á kjör bænda. Nefndin hefur því sett um það ábendingu í lög, að þegar breyta eigi niðurgreiðslum, skuli haft samráð við Sexmannanefnd og Framleiðsluráð. Jafnframt telur nefndin, að niðurgreiðsla á rekstrarvörur, s. s. tilbúnum áburði, komi vissulega til greina. Hún útilokar heldur ekki möguleikann á því, að niðurgreiðslur geti átt sér stað, án þess að ákveðið magn afurða liggja þar á bak við. Hins vegar vill nefndin benda á, að bein greiðsla til framleiðenda, án tillits til framleiðslumagns, er mjög erfið í framkvæmd, og ýmis vandasöm ákvörðunatriði eru samfara slíku fyrirkomulagi.

Nefndin hefur rætt mjög um þær misjöfnu aðstæður, sem bændur húa við í hinum ýmsu héruðum landsins. Í því sambandi telur hún sig hafa lært mikið af

skýrslum, og upplýsingum þeim, sem formaður Norges Bondelag lét nefndinni í té um það, hvernig farið er með slík vandamál í Noregi.

Í höfuðatriðum er nefndin sammála um, að framkvæma þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að rétta þeim hjálparhönd, sem við þessi erfiðu skilyrði búa. Leggur nefndin því til, að stofnaður verði sérstakur sjóður í þessu skyni, er fái ákveðið árlegt fjárframlag.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin tryggi árlega fjármagn í þessu skyni. Ýmsar fjáröflunarleiðir virðast vera þarna fyrir hendi. Í 29. grein laga nr. 93 1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins er það talið með verkefnum Bygðasjóðs að „bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði“. Það ætti því ekki að vera úr vegi, að einhverjar fjárhæðir fái til þeirrar fyrirgreiðslu við bændur í hinum erfiðu byggðarlögum, svo sem frumvarpið (16. gr.) gerir ráð fyrir. Þá má einnig reikna með nokkrum fjárhæðum, er kunna að verða afgangss af útflutningsbótafé í þessu skyni.

Á undanförunum árum hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins greitt talsverðar fjárhæðir til styrktar búsetu í einstökum sveitum. Er hér um rekstrarstyrk að ræða til hinna smærri mjólkurstöðva á Vestur- og Austurlandi, en tilvera þessara litlu mjólkurstöðva er alger forsenda þess, að íbúar kauptúna og kaupstaða fái gerilsneydda mjólk í svipuðu formi og neytendur hinna stærri þéttbýliskjarna annars staðar á landinu.

Árið 1971 greiddi Framleiðsluráðið slíka rekstrarstyrki til Mjólkurstöðvarinnar á Patreksfirði (kr. 2,92 á lítra), Mjólkurstöðvarinnar á Þórshöfn (kr. 3,76 á lítra), Mjólkurstöðvarinnar á Vopnafirði (kr. 2,85 á lítra) og til Mjólkurstöðvarinnar á Djúpavogi (kr. 4,45 á lítra).

Auk þess greiddi Framleiðsluráðið flutningastyrki á mjólk að mjólkursamlögum úr sveitum, sem hafa langa og erfiða flutninga og einhæfa framleiðslu. Til grundvallar greiðslu flutningastyrkja á mjólk liggja einnig þær ástæður, að hagkvæmara hefur þótt að greiða slíka flutningastyrki en að á þeim stöðum væri byggt nýtt mjólkursamlag, sem yrði óhagkvæmt í rekstri.

Flutningastyrki að mjólkursamlagi hefur Framleiðsluráðið o. fl. greitt, sem hér segir:

a. Til að forða stofnun nýrra mjólkursamlaga:

1. Á leiðinni Reykhólar til Búðardals	40	aurar	á	kg
2. Á leiðinni Fljót til Sauðárkróks	30	—	—	—
3. Á leiðinni austan Mýrdalssands til Selfoss	55	—	—	—
4. Á leiðinni Kelduhverfi til Húsavíkur	30	—	—	—

b. Til styrktar fámennum sveitum, sem hafa erfiða afkomumöguleika og erfiðar flutningaleiðir:

1. Á leiðinni Breiðuvík til Borgarness	kr. 1.20	pr.	ltr.
2. Aðflutningar að Ms. Patreksfirði	—	0.55	—
3. Á leiðinni Breiðdalur til Djúpavogs	—	0.30	—
4. Á leiðinni Jökulsárhlíð til Egilsstaða	—	0.10	—

Þá hefur Framleiðsluráð orðið að taka á sig kostnað vegna flutninga mjólkur, skyr og rjóma, milli sölusvæða.

Síðan í október hefur yfirleitt verið vöntun á mjólk, rjóma og skyri og súr-mjólk á svæði mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði. Hefur verið bætt úr þessu með flutningi mjólkur frá öðrum samlögum. Fyrst var flutt mjólk frá Búðardal til Ísafjarðar, meðan vegir voru færir, síðan hefur þurft að flytja þessar vörur frá Akureyri, ýmist beint með skipum eða þá um Reykjavík, vegna þess hve skipasamgöngur eru strjálar.

Kostnað við þessa flutninga greiðir Framleiðsluráðið. Þá hefur í allt haust skort rjóma og skyr á sölusvæði Reykjavíkur. Úr þessu hefur verið bætt með því að flytja þessar vörur frá Norðurlandi. Frá 1. okt. til 31. des. 1971 höfðu þannig verið

fluttar rúmlega 100 smálestir af rjóma og skyri að norðan til Reykjavíkursvæðisins. Eftir áramótin hafa þessir flutningar heldur aukizt. Þann aukakostnað, sem af þessu leiðir, greiðir Framleiðsluráðið, vegna þess að verðlagning varanna þolir ekki þennan aukakostnað, ef framleiðendur eiga að geta fengið hið umsamda grundvallarverð. Eru þetta tilfinnanlegar fjárhæðir og erfiðleikar fyrir Framleiðsluráðið að ná þessu fé.

Nefndin lítur svo á, að mjög skorti á, að þessi aðstoð hafi verið fullnægjandi. Er hún þeirrar skoðunar, að bændur þeir, er búa í hinum afskekktu og erfiðari byggðarlögum, þurfi í rauninni að fá hærra verð fyrir afurðir sínar en aðrir bændur landsins.

Greiðslur Framleiðsluráðs í þessu skyni hafa árlega numið 12—15 milljónum króna. Til viðbótar þessu hefur svo Bjargráðasjóður greitt hin síðari ár um 7 milljónir króna í heyflutningastyrki. Ef bændur hinna afskekktari sveita eiga að fá t. d. 10% hærra mjólkurverð en að meðaltali er greitt öðrum bændum í landinu, kostaði það um 7 milljónir króna. Flutningastyrkir þeir, sem þörf væri nú að greiða vegna mjólkurflutninga umfram það, sem greitt er, næmu nú minnst þrem milljónum króna. Samtals eru þetta um 29—32 milljónir króna, miðað við ár, og er þá ekki tekið tillit til aðstoðar við flutning á rekstrarvörum, s. s. áburði o. fl., til framleiðenda.

Þá hefur nefndin einnig orðið sammála um nokkru fyllri ákvæði um verðjöfnun, er taki m. a. tillit til fjármagnskostnaðar vinnslustöðva og flutningskostnaðar að vinnslustöðvum.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að náin tengsl eru á milli einstakra greina frumvarpsins. Þetta á sérstaklega við um ákvæðin um framleiðsluáætlanagerð skv. 5. tölulið 2. gr., ákvæði 3. gr., útflutningstryggingarinnar í 15. gr., svo og ákvæðanna í 5. gr. um kaup bóndans.

Nefndin gerir ráð fyrir, að áætlanagerðin um framleiðslumagn og söluverð búsafurða, að viðbætti 10% útflutningsábyrgð 15. gr., myndi grundvöll að því vörumagni, sem eigi að gefa bændum laun sambærileg við aðrar stéttir.

Þarf ekki að grípa til ákvæða 3. gr. um framleiðslutakmarkanir eða annað því skylt, nema framleiðslumagn verði meira en framleiðsluáætlanir hafa gert ráð fyrir, ellegar að þeir markaðir, sem treyst hefur verið á, hafa brugðizt eða aðrar ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar orsakir liggi til, að áætlanir raskist verulega.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Hér fara svo á eftir skýringar á hinum einstöku greinum frumvarpsins, er ættu að varpa gleggri mynd á þær breytingar, sem nefndin leggur til:

Um 1. gr.

Að meginefni til er þessi grein óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum. Þó er gerð tillaga um að fjölga um tvo fulltrúa í Framleiðsluráði. Er þetta í samræmi við fjölgun manna í stjórn Stéttarsambands bænda, sem átti sér stað fyrir tveim árum síðan.

Eftir þessa breytingu verða Framleiðsluráðsmenn 11 talsins í stað 9 áður.

Þá eru einnig sett skýrari ákvæði en áður voru um kosningu á fulltrúa mjólkursamlaganna utan sölusvæðis Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því, að hann sé kosinn á sameiginlegum fundi þeirra.

Um 2. gr.

Að meginefni til er þessi grein óbreytt frá 2. grein gildandi laga. Þó er hætt inn í greinina nokkrum verkefnum, sem miða að því, að hægt sé að hafa stefnumarkandi áhrif á framleiðsluna. Felst þetta í ákvæðum 5. töluliðar, en þar segir, að Framleiðsluráð skuli, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og þær stofnanir,

sem fara með áætlanargerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma.

9. töluliður er nýr liður og er beint framhald af ákvæðum 5. töluliðar, en þar er ákvæðið, að eitt af verkefnum Framleiðsluráðs sé að halda árlegan fund með fulltrúum þeirra aðila, sem hafi aðstöðu til áhrifa á framleiðslu og neyzlu landbúnaðarvара, svo sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl.

Á þessum fundum skal ræða samræmdar aðgerðir til þess, að markmið þau náist, sem um ræðir í 5. tölulið greinarinnar.

Þá er 11. liður nýr liður, sem gefur Framleiðsluráði heimild til að samræma ýmis atriði, er varða útborgun til bænda og að koma á jöfnun flutningskostnaðar á afurðum framleiðenda að vinnslustöð.

Um 3. gr.

Þessi grein er ný að efni til. Hún fjallar um heimild til handa Framleiðsluráði um þau stjórnæki, sem gert er ráð fyrir, að það geti gripið til, ef þær aðstæður skapast, að búvöruframleiðslan verður meiri en þörf er fyrir innanlands og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að dómi ráðsins. Þessar ráðstafanir eru tímabundnar og eru:

- a. Að leggja sérstakt álag á innflutt kjarnfóður. Álag þetta má þó aldrei vera hærra en 25% af útsöluverði kjarnfóðurs með 150 gr. meltanlegu hráproteini, eins og það er í Reykjavík, og heldur má verð á slíku kjarnfóðri, að viðbættu álaginu, ekki vera hærra en sem svarar verði á 1 kg mjólkur í verðlagsgrundvelli. Er hér um heimildarákvæði að ræða, og er Framleiðsluráði ekki heimilt að beita þessari aðferð, nema samþykki landbúnaðarráðherra komi til og fyrir liggja, að útflutningsbætur séu ekki nægjanleg verðtrygging.

Framleiðsluráðinu er gefin heimild til endurgreiðslu á gjaldinu til bænda í byggðarlögum, sem að dómi þess hafa of lítið heyfóður eða aðrar ástæður gera endurgreiðslu þess nauðsynlega. Gjald þetta hefur ekki áhrif á útsöluverð búvöru.

- b. Þá er Framleiðsluráði heimilt að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til bænda, ef árlegur framleiðsluauki af einhverri búvörutegund er mun meiri en framleiðsluáætlanir gera ráð fyrir. Þetta er hið svokallaða „kvótakerfi“, og er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að grípa til beggja þessara stjórnækja samtímis, þ. e. bæði kjarnfóðurgjalds og kvótagreiðslu fyrirkomulags.

Í þessari grein eru einnig ákvæði um, að Framleiðsluráðið fái heimild til að innheimta sérstakt kjarnfóðurgjald til aðstoðar við vinnslustöðvar landbúnaðarins og annarrar hagræðingar í landbúnaði. Meðal þeirra mála, sem hér er átt við, er stuðningur við innlenda fóðurframleiðslu, t. d. heykögglagerð. Þetta gjald má þó aldrei vera hærra en sem svarar 5% álagi á kjarnfóðurverð í Reykjavík.

Í greininni eru einnig ákvæði um vörzlu fjáris, en annars gert ráð fyrir reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

Að lokum eru svo ákvæði í greininni um aðgerðir, sem Framleiðsluráð getur gripið til, ef búvöruframleiðslan í landinu eða einstökum landshlutum verður of lítil.

Um 4. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 3. grein í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Þessi gr. er um sama efni og 4. gr. í gildandi lögum. Greinin er þó orðuð á ótvíræðari hátt en núverandi ákvæði, einkum hvað snertir viðmiðun við launastéttirnar og vinnutíma bónda og skylduliðs hans.

Um 6. gr.

Þessi gr. er um sama efni og 5. gr. núgildandi laga, þ. e. tilnefningu manna í Sexmannanefnd, þó með þeirri breytingu, að í stað tiltekinna launþegasamtaka, er nú gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin tilnefni þrjá menn í Sexmannanefnd, er semji um verðlagsmálin við jafnmarga fulltrúa bændasamtakanna.

Um 7. gr.

Þessi gr. er sambærileg við fyrri hluta 6. gr. gildandi laga, þ. e. um störf Sexmannanefndar. Nefndinni er ætlað að reyna að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll og heildsöluverð varanna. Þá er henni einnig ætlað að leitast við að ná samkomulagi um fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, s. s. niðurgreiðslur, stuðning við þau byggðarlög, sem erfiðust skilyrði hafa, og önnur framlög tengd verðlagningu.

Gert er ráð fyrir því, að Framleiðsluráð ákveði smásöluverð varanna, og auk þess er því heimilt að framkvæma vissar tilfærslur á verði milli vöruflokka hvernar búgreinar fyrir sig. Einnig eru því heimil frávik frá hinu ákveðna verði til hækkunar eða lækkunar eftir árstímum eða markaðsástandi, enda skili heildarsala meðalverði til söluaðila á viðkomandi verðlagstímabili.

Í lok greinarinnar eru svo ákvæði um málskot til yfirnefndar, ef ekki næst samkomulag eða aðilar hafa hafnað samkomulagi því, sem gert hefur verið í nefndinni.

Felld eru niður ákvæði gildandi laga um störf sáttasemjara í þessum málum, og sá hluti 6. gr. gildandi laga, sem fjallar um yfirnefnd, er tekinn upp í næstu grein, með ýmsum breytingum.

Um 8. gr.

Fjallar um skipun og störf yfirnefndar og kemur í stað 3. og 4. málslíðar 6. gr. í gildandi lögum. Ef ekki næst samkomulag í Sexmannanefnd, er gert ráð fyrir því, að ágreiningsatriðum verði vísað til yfirnefndar. Í henni eru þrír menn. Einn frá fulltrúum ríkisstjórnarinnar í Sexmannanefnd og einn frá fulltrúum bændasamtakanna. Þriðji maður, oddamaðurinn, skal tilnefndur af Hæstarétti. Verksvið nefndarinnar nær aðeins til þeirra þátta, er snerta verðlagningu búvaranna, en ekki til þeirra mála, er samið kynni að vera um á öðrum sviðum í Sexmannanefnd.

Telji annar hvor aðili í Sexmannanefnd úrskurð yfirnefndar óviðunandi, getur sá nefndarhluti krafizt endurskoðunar. Þó hefur slík krafa aðeins gildi, að meiri hluti fulltrúa á Stéttarsambandsfundi hafi staðfest kröfu framleiðenda um þetta og ríkisstjórnin kröfu landbúnaðarráðherra um sama efni.

Þegar lögleg krafa um málsupptöku hefur komið fram, getur sá hluti Sexmannanefndar krafizt þess, að úrskurður hennar gildi aðeins í sex mánuði, sé um haustverðlagningu að ræða, en annars aldrei lengur en til 1. september næstan á eftir.

Nefndin hefur ekki getað mælt með sölustöðvunarheimild á búvörum, en þykir þessi leið æskilegri.

Um 9. gr.

Að meginmáli er þessi grein samhljóða 7. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að verðlagsgrundvöllurinn gildi í tvö ár, og sé honum ekki sagt upp fyrir tilskilinn tíma (1. júní), framlengist hann um eitt ár í senn, sbr. þó ákvæði 8. gr.

Þá eru einnig ákvæði í greininni um framreikning verðgrunnnsins vegna verðlags- og kaupgjaldsbreytinga, sem kunna að verða á verðlagstímabilinu. Hagstofan á að framkvæma slíkan umreikning, sem gildir þá til ákvörðunar búvöruverðs út verðlagstímabilið, þó með ákveðnum undantekningum.

Um 10. gr.

Fjallar um sams konar efni og 9. gr. gildandi laga, þ. e. um ársfjórðungslegar breytingar á kaupgjaldslið verðgrunnnsins. Orðalag greinar þessarar er nokkru

ákveðnara en í 9. gr. gildandi laga, en breytir þó engan veginn þeirri aðalreglu, sem nú gildir um þetta efni.

Um 11. gr.

Er að efni til samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Er að efni til samhljóða 10. gr. í gildandi lögum og fjallar um verðlagningu snemmsprottinna garðávaxta og sumarslátrun dilka.

Um 13. gr.

Er alveg samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Er ný grein, sem fjallar um niðurgreiðslur á söluverði búvara innanlands. Er gert ráð fyrir því, að breytingar á niðurgreiðslum séu bornar undir Sexmannanefnd og Framleiðsluráð, áður en þær séu látnar koma til framkvæmda. Nefndin lítur svo á, að kostnaður við dreifingu og vinnslu búvara sé eðlileg viðmiðun og halda beri niðurgreiðslum innan þeirra marka. Þó má gera undantekningar frá þeirri aðalreglu.

Einnig má taka upp niðurgreiðslur í öðru formi en verið hefur til þessa, þ. e. að greiða á innvegna vöru í stað seldrar, eða þá á einstaka kostnaðarliði við búreksturinn, svo og að niðurgreiðslur séu ekki bundnar við ákveðið framleiðslu-magn. Um slíkar breytingar ber þó að semja í Sexmannanefnd.

Um 15. gr.

Þessi gr. er um sama efni og 12. grein gildandi laga, þ. e. útflutningsbæturnar. Til viðbótar þeim efnisliðum, sem eru í núverandi lögum, eru ákvæði um meðferð þess fjár, sem kynni að verða afgangur, þegar greiðslum uppbóta viðkomandi verðlagsárs er lokið. Gert er ráð fyrir því, að slíka afganga megi nota til uppbótargreiðslna næstu tvö árin, ef þá er þörf á meiri útflutningi, en verði þá enn afgangur, skal verja honum í þágu landbúnaðarins í samráði við landbúnaðar-ráðherra.

Í síðari hluta greinarinnar eru svo ákvæði um, hvernig að málum skuli staðið, ef útflutningsbætur ekki nægja. Er landbúnaðarráðherra þá gefin heimild til að taka ákvörðun um kjarnfóðurgjald, sbr. a-lið 3. gr., eða að veita frekari útflutningsábyrgð.

Um 16. gr.

Þessi gr. er nýmæli. Fjallar hún um aðstoð við þá landshluta, sem við sérstaka erfiðleika hafa að stríða, og þar sem sérstök hættu er á eyðingu byggðar eða skortur er á búvörum.

Gert er ráð fyrir, að lögð sé fram árlega ákveðin fjárhæð í þessu skyni (1% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða), og skal verja fénu til flutningastyrkja, verðbóta eða framleiðslustyrkja, niðurgreiðslu á verði áburðar, aðkeyptu fóðri o. fl. eftir mati nefndarinnar. Sexmannanefnd á að ráðstafa fénu í samráði við þá aðila, sem velja menn í nefndina. Skal hún láta fara fram nákvæma athugun á aðstöðu þeirra byggðarlaga, sem koma til greina í þessum efnunum. Slík athugun skal fara fram í samráði við þá stofnun, sem fjallar um byggðapróunarmál.

Um 17. gr.

Þessi gr. er samhljóða 13. gr. núgildandi laga og er um það, að kostnaður við störf Sexmannanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Í þriðja kafla er slegið saman ákvæðum gildandi laga um sauðfjárafurðir og um sölu stórgripakjöts.

Um 18. gr.

Fjallar um leyfi fyrir sauðfjárlátrun og ýmsar skyldur leyfishafa, og eru þau ákvæði svipuð og ákvæði gildandi laga um sama efni. Orðalagi hefur þó sums

staðar verið breytt og taldar upp nokkrar fleiri skyldur, sem hvíla á þeim, er leyfi munu fá. Er þetta allt í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur hin síðari ár.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru þau atriði tekin upp, sem eru í 14., 15., 16. og 17. grein gildandi laga, en felld úr nokkur atriði, sem ekki hefur þurft að framkvæma að undanfögnu og virðast úrelt.

Um 20. gr.

Þessi gr. er sama efnis og 20. gr. gildandi laga. Þó er í síðustu málsgreininni Framleiðsluráðinu fengin heimild til að svipta sláturleyfishafa greiðslu úr verðjöfnunarsjóði, ef hann óhlýðnast settum reglum um meðferð afurða, slátrun, flutning kjötsins og öðrum þeim skyldum, sem í greininni felast.

Um 21. gr.

Það nýmæli er í þessari gr., að Framleiðsluráð skal veita leyfi til stórgripa-slátrunar, og má enginn slátra stórgripum, né verzla með kjöt af þeim í heildsölu, nema hann hafi fengið slíkt leyfi.

Um leyfisveitinguna gilda svipaðar reglur og um leyfisveitingar til sauðfjárslátrunar.

Um 22. gr.

Þessi grein er um skiptingu landsins í mjólkursölusvæði og er því að efni til eins og 22. grein gildandi laga. Þó eru felld úr greininni ýmis úrelt ákvæði, sem ekki er lengur þörf, eins og nú er háttað málum.

Um 23. gr.

Efnislega er þessi gr. samhljóða 23. gr. núverandi laga um skyldur og réttindi mjólkursamlaga, en felld út niðurlagsmálsg. gildandi greinar, sem er orðin úrelt.

Um 24. gr.

Þessi gr. er efnislega eins og 24. gr. núverandi laga. Breytt er þó um orðalag varðandi verðjöfnun innan sölusvæða, þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkursamlag. Felld eru niður ákvæði um töku sérstaks verðjöfnunargjalds af allri neyzlu-mjólk, en samsölustjórn gefin heimild til fullkominnar verðjöfnunar innan síns svæðis. Er þetta í samræmi við framkvæmd þeirra mála hin síðari ár.

Um 25. gr.

Er samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi laga, en þær greinar fjalla um ýmis skipulags- og framkvæmdaatriði.

Um 26. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 28. gr. gildandi laga. Þó eru felld úr ákvæðin um sérstaka barnamjólk, sem eru orðin úrelt. Skerpt eru ákvæði laganna um heilbrigðiseftirlit og skyldur samlaga til útvegunar á mjólk og mjólkurvörum, þegar vöntun er á þeim eftir venjulegum leiðum.

Um 27. gr.

Er að efni til hin sama og 29. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Er um sama efni og 30. gr. gildandi laga, þ. e. ráð til þess að bæta úr mjólkurskortí og einnig um deilur, sem kunna að rísa út af mjólkurverði, og annað í því sambandi. Felld eru úr ákvæði gildandi laga um, að hækka megi mjólkurverð til neytenda til að bæta úr mjólkurskortí á viðkomandi stað, að fengnu samþykki viðkomandi bæjarstjórnar. Þessi heimild hefur reynzt gagnslaus í framkvæmd, enda vísast í þessum efnunum til ákvæða 6. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Þessi grein er sambærileg að efni til við 31. grein í gildandi lögum. Nokkur atriði eru felld úr, sem eru orðin úrelt, en jafnframt er bætt inn atriðum, er snerta heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti, sbr. lög þar um.

Um 30. gr.

Er ný grein, sem snertir myndun sölusamtaka mjólkuriðnaðarins fyrir vinnsluvörur. Er með þessari grein lagt til, að lögfest verði ákvæði um réttindi og skyldur fyrirtækis eins og Osta- og smjörsoleunnar sf. sem hefur reynzt mjög gagnlegt fyrirtæki, bæði til sparnaðar fyrir vörudreifinguna og eins til þess að bæta vörugæðin og auka fjölbreytni framleiðslunnar.

Um 31., 32., 33., 34., 35., 36., 37. og 38. gr.

Í V. kafla er fjallað um sölu matjurta, gróðurhúsaframleiðslu og eggja. Greinarnar eru samhljóða ákvæðum gildandi laga, þ. e. í greinum frá 32.—39. gr. Þó eru nokkrar smá orðalagsbreytingar í einstökum greinum.

Um 39. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 40. grein gildandi laga. Nokkrar efnisbreytingar hafa verið gerðar. Í fyrsta lagi er Framleiðsluráðinu gefin heimild til að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar vinnslustöðvanna, einnig er því gefin heimild til að taka til útjöfnunar flutningskostnað lifandi fjár að sláturhúsi og mjólkur að mjólkursamlagi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæmni í rekstri vinnslustöðvanna.

Í öðru lagi eru settar reglur um verðmiðlun á verði stórgripakjöts, og í þriðja lagi eru settar fyllri reglur um verðmiðlun mjólkur milli mjólkursölusvæða og sérstök heimild gefin til jafnaðarflutninga á mjólk að mjólkursamlagi.

Um 40. og 41. gr.

Eru óbreyttar frá 41. og 42. gr. gildandi laga.

Um 42. og 43. gr.

Eru algjörlega samhljóða ákvæðum gildandi Framleiðsluráðslaga, þ. e. núverandi 43. og 44. gr.

Um 44. og 45. gr.

Eru samhljóða ákvæðum í 45. og 46. gr. gildandi laga, nema að sektarákvæði eru hækkuð úr 5—50 þúsund krónum í 10—100 þúsundir króna, en dagsektir vegna dráttar á skýrsluhaldi eru látnar óbreyttar.